

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**596. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 27. apríl 2009 kl.
10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSNV frá 3. apríl sl.
2. Umhirða íþróttavallarsvæðis í Kirkjuhvammi.
3. Reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 3. apríl sl. Elín R. Líndal fór yfir fundargerðina.
2. Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga við Jón Inga Björgvinsson á grundvelli tilboðs hans í umhirðu íþróttavallarsvæðis í Kirkjuhvammi árin 2009 og 2010 sbr. útboðsgögn, sem er þjónustusamningur sem sveitarfélagið hefur gert við þjónustuaðila á sl. árum. Tilboð í umhirðuna voru lögð fram á 595. fundi byggðarráðs. Oddur Sigurðarson leggur fram eftirfarandi bókun: „Ég lýsi fullri ábyrgð á texta og framkvæmd/eftirlits þjónustusamningsins í útboðsgögnum á hendur þeim aðilum sem taka ákvörðun um að nota hann. Mér finnst samningurinn ónothæfur til eftirlits. Í honum er m.a. ósk um þjónustu sem ekki þarf að veita.“
3. Fram lögð drög að breyttum reglum um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli. Byggðarráð samþykkir reglurnar og felur sveitarstjóra að leggja þær fram með áorðnum breytingum.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Sigurður Þór Ágústsson mætti til fundar við byggðarráð um skólamál. Sigurður mun mæta til næsta fundar byggðaráðs.

Oddviti T-lista hafði boðað forföll aðalfulltrúa og varafulltrúa í byggðarráði

Fundargerð uppliesin og samþykkt.

Elín R. Líndal

Fundi slitið kl. 12:10

Sigurður Þór Ágústsson

Áheyrnarfulltrúi:

Óðleif Þórisson